

REGLUGERÐ KSÍ **um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**



Samþykkt af stjórn KSÍ 14. febrúar 2024

EFNISYFIRLIT

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI	5
1. grein - <i>Gildissvið</i>	5
2. grein - <i>Markmið</i>	5
II. kafli. STADA LEIKMANNA	5
3. grein - <i>Hlutgengi leikmanna</i>	5
4. grein - <i>Áhugamenn/sambandsleikmenn og samningsleikmenn</i>	6
5. grein - <i>Endurheimt áhugamannastöðu</i>	6
6. grein - <i>Lok knattspyrnuíðkunar</i>	6
7. grein - <i>Þjálfari sem leikmaður</i>	6
8. grein - <i>Samningsstaða</i>	6
III. kafli. SKRÁNING LEIKMANNA	7
9. grein - <i>Skráningarskylda</i>	7
10. grein - <i>Félagaskipti</i>	7
11. grein - <i>Leikmannaskrá</i>	8
12. grein - <i>Framlagning samnings til skráningar</i>	8
13. grein - <i>Gjald fyrir skráningu</i>	8
IV. kafli. SAMNINGAR LEIKMANNA	8
14. grein - <i>Samningsgerð</i>	8
V. kafli. SAMNINGSGERÐ FÉLAGA VIÐ SAMNINGSLEIKMENN	11
15. grein - <i>Skuldbindingargildi samninga</i>	11
16. grein - <i>Riftun á samningi vegna réttmætrar ástæðu (Just cause)</i>	11
17. grein - <i>Riftun á samningi vegna réttmætrar íþróttalegrar ástæðu (Sporting just cause)</i>	11
18. grein - <i>Afleiðingar riftunar á leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu</i>	12
19. grein - <i>Sérstök ákvæði um samningsgerð við kvenleikmenn</i>	13
VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS	15
20. grein - <i>Tilkynning, keppnisleyfi o.fl.</i>	15
21. grein - <i>Tímabundin félagaskipti/lán á samningsleikmanni</i>	16
22. grein - <i>Brúarfélagaskipti (Bridge transfer)</i>	17
23. grein - <i>Erlendir leikmenn</i>	18
24. grein - <i>Félagaskiptagjald</i>	18
VII. kafli. FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA MILLI LANDA	19
25. grein - <i>Almenn ákvæði</i>	19
26. grein - <i>Sérákvæði fyrir leikmenn sem eru samningsleikmenn</i>	20
VIII. kafli. SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFND KSÍ	21
28. grein - <i>Skrifstofa KSÍ</i>	21
29. grein - <i>Hlutverk nefndarinnar</i>	22

IX. kafli. VIÐURLÖG VIÐ BROTUM	23
30. grein - <i>Refsiheimildir</i>	23
X. kafli. STAÐALSAMNINGUR KSÍ	23
31. grein - <i>Staðalsamningur KSÍ</i>	23
XI. kafli. GILDISTAKA	26
31. gr. - <i>Gildistaka</i>	26
VIÐAUKI I - Rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ	27
VIÐAUKI II - Stuðlakerfi	30

Eftirfarandi hugtök er notuð í reglugerðinni og ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

1. **Iðkendaskrá KSÍ:** Skrá yfir féлага í aðildarfélögum KSÍ sem iðka knattspyrnu. Skráin er vistuð í gagnagrunni KSÍ og félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (Felix).
2. **Keppnisleyfi:** Heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fæst sjálfkrafa við fyrstu skráningu í iðkendaskrá KSÍ eða með tilkynningu sem gefin er út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta.
3. **Áhugamaður/Sambandsleikmaður (amateur):** Leikmaður sem hefur keppnisleyfi með félagi en er þó ekki samningsleikmaður.
4. **Sambandssamningur (amateur contract):** Samningur sem gerður er við áhugamann þar sem greiðslur til hans geta aðeins náð yfir beinan útlagðan kostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað o.fl. en þó aldrei falið í sér heildargreiðslur umfram kr. 300.000 á ári.
5. **Sambandsleikmaður:** Leikmaður er gerir sambandssamning við félag.
6. **Leikmannssamningur (professional contract):** Samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun.
7. **Samningsleikmaður (professional):** Leikmaður er gerir leikmannssamning við félag.
8. **Samningsleikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu:** Leikmaður á því almanaksári sem hann verður 24 ára eða síðar, nema hann hafi lokið hjálfun sinni fyrr, og hefur öðlast stöðuga reynslu sem samningsleikmaður í keppni í efri deildum. Leikmaðurinn býr yfir ótvíræðum knattspyrnuhæfileikum.
9. **Heimaalinn leikmaður félags:** Leikmaður sem skráður hefur verið hjá einu og sama aðildarfélagi KSÍ á aldurstímabilinu 15 ára (eða frá upphafi þess keppnistímabils sem leikmaður verður 15 ára) til 21 árs (eða til loka þess keppnistímabils þegar leikmaður verður 21 árs), samfellt eða samtals í 36 mánuði.
10. **Skipulögð knattspyrnukeppni:** Knattspyrnukeppni skipulögð í nafni knattspyrnusambands (-sambanda), álfusambands (-sambanda) eða FIFA eða með leyfi þessara aðila.
11. **Opinber knattspyrnuleikur:** Knattspyrnuleikur, sem leikinn er sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni, svo sem deildarleikur, bikarleikur eða leikur í alþjóðlegri félagakeppni. Vináttuleikir eða æfingaleikir heyra ekki undir þessa skilgreiningu.
12. **Félagaskiptatímabil:** Þau tímabil innan hvers árs þar sem félagaskipti leikmanna á milli félaga eru heimil.
13. **Keppnistímabil:** Keppnistímabilið á Íslandi, sem telst standa frá 1. febrúar til 15. nóvember.
14. **Verndaða tímabilið:** Tímabil tveggja heilla keppnistímabila eða tveggja ára, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkur samningur er gerður fyrir 28 ára afmæli samningsleikmannsins, eða eitt heilt keppnistímabil eða eitt ár, hvort sem líður fyrst, eftir gildistöku leikmannssamnings, þar sem slíkum samningi er lokið eftir 28 ára afmæli samningsleikmannsins.
15. **Brúarfélagaskipti:** Tvö samfelld félagaskipti (innanlands eða á milli landa) sama leikmanns með það að markmiði að skráning leikmanns að loknum fyrri félagaskiptum miði að því að samningsfélag leikmanns á loknum síðari félagaskiptum komist hjá greiðslu hvers kyns félagaskiptagjalds eða uppeldis- og/eða samstöðubóta skv. reglum FIFA til uppeldisfélaga.
16. **Félagaskiptagjald:** Bætur skv. 23. gr. reglugerðar þessarar.
17. **Félagaskiptabætur:** Bætur sem greiddar eru til íslenskra félaga vegna félagaskipta samningsbundins leikmanns milli landa. (Bætur fyrir að leysa leikmann undan samning sem eitt eða fleiri félög kunna að eiga hlutdeild í).
18. **Uppeldisbætur:** Bætur skv. reglum FIFA sem greiddar skulu þeim félögum sem hjálfa leikmann frá 12 til 21 árs aldurs. Bæturnar skulu greiddar vegna félagaskipta milli landa þegar leikmaður gerir fyrsta leikmannssamning.
19. **Samstöðubætur:** Bætur skv. reglum FIFA sem skulu greiddar til þeirra félaga sem hjálfa leikmann frá 12 til 23 ára aldur, vegna félagaskipta milli landa, þegar

samningsbundinn leikmaður er leystur undan samningi við sitt fyrra félag, hann gerir leikmannssamning við nýtt félag og félögin sem í hlut eiga semja um félagaskiptabætur.

20. Fæðingarorlof: *Að lágmarki 14 vikna launað leyfi sem samningsbundinn kvenkyns leikmaður hefur rétt á að taka frá skyldum sínum gagnvart samningsfélagi vegna meðgöngu eða fæðingar. Að lágmarki 8 vikur af 14 vikna fæðingarorlofi þarf leikmaður að nýta eftir fæðingu barns.*

21. Stuðlakerfi: *Kerfi til að meta verðmæti leikmanna fyrir Leyfiskerfi KSÍ. Stuðlakerfi kemur fram í viðauka við reglugerð þessa. Stuðull skal margfaldaður með kr. 100.000,- og þannig fundið út bókfært verðmæti leikmanns.*

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. grein - Gildissvið

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. gr. laga Knattspyrnusambands Íslands og skv. reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna (Regulations on the Status and Transfer of Players.) Hún gildir um öll félagaskipti leikmanna innan KSÍ og eftir því sem við á um öll önnur félagaskipti þar sem annað félagið heyrir undir KSÍ.

2. grein - Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti leikmanna. Jafnframt á hún að tryggja að samningar leikmanna og félaga séu skýrir og staða aðilanna ljós.

II. kafli. STAÐA LEIKMANNA

3. grein - Hlutgengi leikmanna

- 3.1. Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið skrái leikmanninn rétt í iðkendaskrá KSÍ og hefur hann þá keppnisleyfi með félaginu. Félaginu ber skylda til að skrá leikmanninn og skal félagið beitt viðurlögum skv. reglugerð þessari ef það skráir ekki leikmenn sína hjá KSÍ.
- 3.2. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi sbr. 3.1. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. 20. og 21. gr., og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.
- 3.3. Leikmaður, með keppnisleyfi, skal ávallt vera hlutgengur til keppni í knattspyrnumótum á Íslandi svo fremi sem aðrar takmarkanir eru ekki fyrir hendi (t.d. aldur, kyn, leikbann, takmörkun í mótareglum, o.s.frv.).
- 3.4. KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfalli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.
- 3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og deildarþegarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

4. grein - Áhugamenn/sambandsleikmenn og samningsleikmenn

- 4.1 Knattspyrnumenn á Íslandi eru annað hvort áhugamenn/sambandsleikmenn eða samningsleikmenn.
- 4.2 Samningsleikmaður telst sá sem undirritað hefur samning við félag sem heimilar honum að taka við greiðslum umfram eigin kostnað við knattspyrnuíðkun. Samningurinn kallast leikmannssamningur. Leikmenn sem ekki eru samningsleikmenn teljast vera áhugamenn.
- 4.3 Greiðslur til áhugamanns geta aðeins náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni. Heimilt er að gera sérstakan samning við áhugamann, og kallast hann þá sambandsleikmaður og samningurinn sambandssamningur. Sambandsleikmanni er að vissu marki heimilt að taka við greiðslum tengdum árangri. Heildargreiðslur til sambandsleikmanns mega ekki fara út fyrir ramma þessarar reglugerðar og aldrei fara yfir kr. 300.000 á ári.

5. grein - Endurheimt áhugamannastöðu

- 5.1 Leikmaður skráður sem samningsleikmaður má ekki breyta skráningu sinni í áhugamann fyrr en að liðnum 30 dögum frá síðasta opinbera knattspyrnuleik, sem hann lék sem samningsleikmaður.
- 5.2 Engar bætur greiðast þegar leikmenn öðlast aftur áhugamannastöðu. Ef leikmaður breytir skráningu sinni aftur yfir í samningsleikmann innan árs eftir að hann skráði sig sem áhugamann skal nýja félagið hans greiða félagaskiptagjald eins og segir í 24. gr. þessarar reglugerðar.

6. grein - Lok knattspyrnuíðkunar

- 6.1 Samningsleikmenn sem ljúka ferli sínum þegar samningur þeirra rennur út og áhugamenn sem hætta íðkun sinni skulu vera skráðir í íðkendaskrá hjá KSÍ í 30 mánaða tímabil eftir það.
- 6.2 Þetta 30 mánaða tímabil hefst þegar leikmaðurinn leikur síðast fyrir félag sitt í opinberum knattspyrnuleik.

7. grein - Þjálfari sem leikmaður

- 7.1 Leikmanni, sem er jafnframt þjálfari, er heimilt að taka við greiðslu fyrir störf sín sem þjálfari óháð stöðu sinni sem leikmanns eftir þessari reglugerð.

8. grein - Samningsstaða

- 8.1 Leikmaður, sem hefur gert samning við félag, getur ekki skipt um félag á samningstímanum, nema með leyfi félagsins. Leikmanni er heimilt að eiga í samningaviðræðum við og skrifa undir samning við annað félag eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma leikmannsins við sitt núverandi félag. Leikmaður sem hyggst hefja samningaviðræður við annað félag eftir að sex mánuðir eru til loka samningstímans, skal þá þegar tilkynna um það skriflega og með sannanlegum hætti til stjórnar núverandi félags síns áður en samningaviðræður hefjast.
- 8.2 Leikmann, sem gerir samninga við fleiri en eitt félag sem ná yfir sama tímabil, má setja í keppnisbann af framkvæmdastjóra KSÍ þar til málið hefur verið leyst.

III. kafli. SKRÁNING LEIKMANNA

9. grein - Skráningarskylda

- 9.1 Félög innan vébanda KSÍ skulu skrá iðkendur sína í knattspyrnu í iðkendaskrá KSÍ eigi síðar en frá því almanaksári sem þeir verða 9 ára.
- 9.2 Leikmaður getur aðeins vera skráður iðkandi í einu félagi innan KSÍ á hverjum tíma.
- 9.3 Með því að láta skrá sig lýsir leikmaður því yfir að hann muni hlýða lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Félagið, sem skráir leikmann, verður að kynna honum þessar skyldur eða forráðamanni leikmanns, ef hann er yngri en 18 ára.

10. grein - Félagaskipti

- 10.1 Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:
- 10.1.1 Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, sbr. þó ákvæði um 4. aldursflokk eða yngri í grein. 10.1.5. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.
- 10.1.2 Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á skilgreindum félagaskiptatímabilum ár hvert. Skilgreind félagaskiptatímabil skulu vera tvö á hverju ári. Það fyrra skal hefjast við upphaf keppnistímabils og skal ekki ná yfir lengri tíma en 12 vikur. Síðara félagaskiptatímabilið skal venjulega hefjast um mitt keppnistímabil og skal ekki ná yfir lengri tíma en fjórar vikur. Félagaskiptatímabilin tvö skulu vera ákveðin af stjórn KSÍ eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan.
- 10.1.3 Um félagaskiptatímabil í keppnum þar sem einungis áhugaleikmenn/sambandsleikmenn taka þátt gilda ekki reglur, skv. grein 10.1.2. Stjórn KSÍ skal ákveða félagaskiptatímabil í slíkum keppnum eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan og að teknu tilliti til heilinda í viðkomandi keppnum.
- 10.1.4 Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa). Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka eru óheimil frá lokum félagaskiptatímabils í keppnum þar sem einungis áhugaleikmenn/sambandsleikmenn taka þátt ár hvert og fram til loka mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár.
- 10.1.5 Leikmönnum í 4. aldursflokki eða yngri skal þó heimilt að hafa félagaskipti að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum. Jafnframt er leikmönnum í 4. aldursflokki eða yngri heimilt að skipta um félag innanlands eftir að hafa tekið þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, ef félagaskiptin eru tengd tímabundinni búsetu leikmanns og hann óskar að snúa aftur til fyrra félags.
- 10.1.6 Innanhússknattspyrna (skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu innanhúss): Leikmanni er aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss í sama aldursflokki.

- 10.2 Framkvæmdastjóri KSÍ getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar 10.1. fyrir félagaskipti markvarðar utan við félagaskiptatímabil ef ríkar ástæður eru til að hans mati. Skal félagið leggja fram rökstudda greinargerð ásamt fylgigögnum. Undantekning þessi nær ekki yfir markvörð sem hefur leikið með félagi í sömu deild eða ofar á keppnistímabilinu en það félag er óskar undanþágunnar. Ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að áfrýja til samninga- og félagskiptanefndar sem úrskurðar í málinu.
- 10.3 Sé samningsleikmaður orðinn samningslaus áður en hann getur gengið til liðs við annað félag er samninga- og félagskiptanefnd heimilt að leyfa félagaskipti hans á öðrum tíma. Skal það vera gert með sanngirni og íþróttamennsku í huga og án þess að það hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn verður hlutgengur til þess að taka þátt í.
- 10.4 Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns utan félagaskiptatímabila þegar um er að ræða leikmann sem ætlað er að fylla skarð samningsbundins kvenleikmanns í fæðingarorlofi. Gildistími samnings við viðkomandi leikmann, sem ætlað er að fylla skarð samningsbundins leikmanns í fæðingarorlofi, skal, nema um annað sé samið, vera frá skráningardegi félagaskipta fram að næsta degi áður en næsta félagaskiptatímabil hefst, eftir endurkomu leikmanns úr fæðingarorlofi.
- 10.5 Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns utan félagaskiptatímabila þegar um er að ræða kvenleikmann sem er að hefja æfingar og keppni aftur eftir að hafa lokið fæðingarorlofi og er á þeim tíma samningslaus og þannig frjálst að hafa félagaskipti.

11. grein - *Leikmannaskrá*

- 11.1 Skrifstofa KSÍ skal halda sérstaka leikmannaskrá um alla samningsleikmenn og sambandsleikmenn. Þar skal koma fram aldur leikmanns, lengd samningstímabils og fyrri félög. Aðeins má skrá leikmann ef fylgt er reglum KSÍ um skráningu samninga og umsókn um skráningu berst innan tilskilinna tímabila.

12. grein - *Framlagning samnings til skráningar*

- 12.1 Ósk um skráningu leikmannssamnings eða sambandsamnings skal berast skrifstofu KSÍ eigi síðar en mánuði eftir undirritun.

13. grein - *Gjald fyrir skráningu*

- 13.1 Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samnings. Gjaldið skal vera kr. 3.000,.

IV. kafli. SAMNINGAR LEIKMANNA

14. grein - *Samningsgerð*

- 14.1 Bann við eignarhaldi þriðja aðila:
- 14.1.1 Félagi er óheimilt að gera samning við félag/félög, og öfugt, eða nokkurn þriðja aðila, sem gerir þeim kleift að hafa áhrif á sjálfstæði félagsins í ráðningar- og félagskiptatengdum málum, stefnumál félagsins eða frammistöðu keppnisliða þess. Þriðji aðili er aðili annar en þau tvö félög sem semja um félagaskipti eða félag sem leikmaðurinn hefur áður verið skráður hjá.
- 14.1.2 Félagi eða leikmanni er óheimilt að gera samning við þriðja aðila sem gerir honum kleift að eiga hlutdeild í, að hluta eða öllu leyti, félagaskiptabótum sem kunna að verða til við félagaskipti leikmanns í framtíðinni eða afsala til þriðja aðila réttindi í framtíðinni tengd félagskiptum eða félagskiptabótum.

- 14.1.3 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og/eða FIFA er heimilt að beita þau félög viðurlögum sem brjóta gegn ákvæðum 14.1.
- 14.2 Samninga- og félagaskiptanefnd getur beitt félög viðurlögum við brotum á reglu þessari skv. 29. grein reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 14.3 Samningur við leikmann skal vera skriflegur og skal hann innihalda staðalákvæði KSÍ, sem kveða á um skyldur félags og leikmanns, hvort sem um sambandssamning eða leikmannssamning er að ræða. Samningur skal að auki a.m.k. hafa ákvæði, sem kveða á um greiðslur til leikmanns og viðurlög við brotum á samningi samkvæmt samkomulagi félags og leikmanns.
- 14.4 Öll félög og allir leikmenn geta gert sambandssamning, að frátöldum félögum og leikmönnum í efstu deild karla. Félag sem gerir sambandssamning við einn eða fleiri leikmenn en ekki leikmannssamning kallast sambandsfélag (amateur club). Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.
- 14.5 Aðeins félögum í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í efstu deild karla, en þriggja keppnistímabila í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla, sbr. þó næstu grein.
- 14.6 Heimilt er að gera samning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 15 ára. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára skal forráðamaður hans einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi. Ekki er heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila við leikmann sem er yngri en 18 ára.
- 14.7 Einungis umboðsmenn sem skráðir hafa verið hjá FIFA í samræmi við reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu mega starfa sem umboðsmenn leikmanna eða félaga við samningsgerð og félagaskipti. Skulu slíkir umboðsmenn starfa skv. reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu og skv. reglugerð þessari.
- 14.8 Félagi, sem gerir samning við leikmann, er skylt að kynna leikmanninum og forráðamanni ef við á, innihald hans áður en skrifað er undir hann.
- 14.9 Óheimilt er að setja inn í samninga ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti eða semja um það með öðrum hætti. Félögum er þó heimilt að semja sín á milli við félagaskipti leikmanna um skiptingu félagaskiptabóta, skv. gr. 26.2, og þá er félagi heimilt að semja við leikmann um hlutdeild í félagaskiptagjaldi, sbr. gr. 26.1.3.
- 14.10 Gildi leikmannssamnings skal ekki vera háð fyrirvara um niðurstöðu læknisskoðunar leikmanns og/eða háð útgáfu atvinnu- og dvalarleyfis leikmanns á Íslandi.
- 14.11 Á því ári sem samningur rennur út skal það gerast á tímabilinu 16. nóvember - 31. desember.
- 14.12 Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannssamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift. Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra

tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.

- 14.13 Ef félag skráir ekki samning innan fyrrgreindra tímamarka getur framkvæmdastjóri KSÍ beitt það viðurlögum skv. reglugerð þessari. Þeirri ákvörðun er hægt að skjóta til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ sem kveður upp endanlegan úrskurð í málinu.
- 14.14 Félag og leikmaður, sem gera leikmannssamning eða sambandssamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, umboðsmann sem starfar á hans vegum eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Jafnframt skuldbindur leikmaður sig til þess að hafa ekki samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, á meðan samningur hans er í gildi nema með leyfi félags síns. Þó er félagi heimilt að eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við leikmann í öðru félagi eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma leikmannsins við sitt núverandi félag. Félag sem hyggst hefja samningaviðræður við leikmann, eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma hans við sitt núverandi félag, skal þá þegar tilkynna stjórn þess félags, um það skriflega og með sannanlegum hætti áður en samningaviðræður hefjast við leikmanninn.
- 14.15 Ef félag fellur niður í 3. deild karla eða 2. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.
- 14.16 Sé samningur ekki gerður skv. reglugerð þessari telst leikmaður ekki samningsbundinn.
- 14.17 Vanefndir:
- 14.17.1. Félögum ber að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum og öðrum félögum skv. efni þeirra leikmanna-, sambands- eða félagaskiptasamninga sem það er aðili að. Samningsákvæði sem heimila félögum aukinn greiðslufrest til að standa skil á greiðslum til samningsleikmanns sem fallið hafa í gjalddaga skv. efni samningsins eru óheimil.
- 14.17.2 Málum sem varða meint brot á grein þessari skal vísa til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.
- 14.17.3. Félag sem hefur vanefnt greiðsluskyldu sína í meira en 30 daga án þess að hafa samið um greiðslufrest má beita viðurlögum í samræmi við lið 14.17.5 hér fyrir neðan.
- 14.17.4. Til þess að félag teljist vera í vanskilum skv. ákvæði þessu verður leikmaður eða félag sem á kröfu á hendur félaginu að senda því tilkynningu um vanskil þar sem félaginu eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að efna skyldur sínar skv. samningnum.
- 14.17.5. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur gripið til neðangreindra viðurlaga gagnvart félagi sem ekki hefur uppfyllt skyldur sínar skv. framangreindu:
- Viðvörðun
 - Áminning
 - Sekt
 - Félagaskiptabann, sem felur í sér bann við skráningu nýrra leikmanna, innlendra og erlendra, í eitt eða tvö félagaskiptatímabil.

- 14.17.6. Heimilt er að beita fleiri en einum viðurlögum samtímis.
- 14.17.7. Ítrekuð vanskil leiða til þyngingar viðurlaga.
- 14.17.8. Aga- og úrskurðarnefnd getur frestað, að félagaskiptabann skv. grein 14.17.5. d-lið, komi til framkvæmda. Frestun á framkvæmd félagaskiptabanns getur varað frá 6 mánuðum í allt að 2 ár.
- 14.17.9. Ef félag sem nýtur frestunar á framkvæmd félagaskiptabanns skv. grein 14.17.8. brýtur að nýju af sér á því tímabili, fellur frestunin þegar í stað niður og félagaskiptabannið tekur þegar gildi og viðurlög vegna hins nýja brots bætast við viðurlög vegna hins eldra brots eða eldri brota.
- 14.17.10. Ákvæði þessarar greinar 14.17 eru sjálfstæð gagnvart öðrum ákvæðum og viðurlögum sem félag kann að baka sér vegna einhliða og ólögmatrar riftunar á samningi.

V. kafli. SAMNINGSGERÐ FÉLAGA VIÐ SAMNINGSLEIKMENN

15. grein - *Skuldbindingargildi samninga*

- 15.1. Leikmannssamningur á milli félags og leikmanns er skuldbindandi samningur. Hann fellur úr gildi við lok gildistíma samningsins, nema aðilar slíti samningssambandinu fyrir með gagnkvæmu samkomulagi.
- 15.2. Ákvæði í samningi um endurskoðun hans í heild eða að hluta eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.
- 15.3. Ákvæði um heimild félags eða leikmanns til að segja upp leikmannssamningi, án þess að gagnaðili hafi samsvarandi gagnkvæma heimild, eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.

16. grein - *Riftun á samningi vegna réttmætrar ástæðu (Just cause)*

- 16.1. Samningsaðili getur rift samningi án afleiðinga af nokkru tagi (skaðabóta eða íþróttalegra viðurlaga) ef réttmæt ástæða er fyrir hendi.
- 16.2. Gerist annar samningsaðila sekur um ofbeldisfulla eða aðra verulega ámælisverða hegðun gagnvart gagnaðila, sem miðar að því að neyða hann til að rifta eða breyta skilmálum samnings, þá getur hann rift samningnum.
- 16.3. Ef félag er í vanskilum við leikmann sem nemur að lágmarki tvennum mánaðarlaunum, án lögmætrar ástæðu, getur leikmaður þá rift samningi, að því tilskildu að hann hafi tilkynnt félaginu skriflega um vanskilin og veitt félaginu a.m.k. 15 daga frest til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til riftunar.
- 16.4. Ef um er að ræða drátt félags á öðrum launagreiðslum en mánaðarlaunum, þá skal metið hvort vanskilin samsvari tvennum mánaðarlaunum leikmannsins. Ef svo er heimilar það leikmanni að rifta samningnum með sömu skilyrðum og fram koma í grein 16.3.
- 16.5. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt til riftunar samnings heldur en kveðið er á um í greinum 16.3. og/eða 16.4., ganga þau fram.

17. grein - *Riftun á samningi vegna réttmætrar íþróttalegrar ástæðu (Sporting just cause)*

- 17.1. Samningsleikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu sem hefur á keppnistímabili leikið samanlagt minna en tíu prósent af knattspyrnuleikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni,

meistarakeppni KSÍ og Evrópukeppni, sem félag hans hefur tekið þátt í, getur rift samningi sínum á grundvelli réttmætrar íþróttalegrar ástæðu, enda teljist það sanngjarn, að teknu tilliti til aðstæðna, til að mynda fjarveru leikmanns vegna heilsufarsástæðna eða leikbanns. Tilvist réttmætrar íþróttalegrar ástæðu skal metin af hálfu samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ eða samningsbundnum gerðardómi í hverju tilviki fyrir sig. Í slíku tilviki skal ekki beita íþróttalegum viðurlögum en þó gæti grundvöllur fyrir greiðslu félagaskiptabóta myndast. Samningsleikmaður getur aðeins rift samningi sínum á þessum grundvelli innan 15 daga eftir síðasta opinbera leik á keppnistímabilinu hjá sínu félagi.

18. grein - *Afleiðingar riftunar á leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu*

- 18.1. Í öllum tilvikum skal sá samningsaðili (leikmaður eða félag) sem riftir leikmannssamningi án réttmætrar ástæðu, greiða gagnaðila bætur vegna samningsbrots. Ákveða skal fjárhæð bóta með tilliti til hlutlægra viðmiða. Einkum skal mið tekið af íslenskum lögum, hlunnindum og greiðslum til leikmanns samkvæmt gildandi samningi og/eða nýjum samningi, þess tíma sem eftir er af núverandi samningi í að hámarki fimm ár, greiðslum og útlögðum kostnaði sem félag hefur stofnað til, sem hlutfall af þeim tíma sem eftir er af leikmannssamningnum og hvort samningsbrotið falli innan verndaða tímabilsins (protected period).

Með hliðsjón af áðurnefndum meginreglum skulu bætur til leikmanns reiknast á eftirfarandi hátt:

- 18.1.1. Í því tilviki að félag hefur rift samningi og leikmaður ekki skrifað undir nýjan leikmannssamning í kjölfar riftunar á fyrri samningi, þá skulu bætur að jafnaði samsvara þeim verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem var rift. Þó skal heimilt að meta möguleika leikmanns á að gera nýjan leikmannssamning í nánustu framtíð og lækka bætur að álitum á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í grein 18.1.2.
- 18.1.2. Hafi leikmaðurinn skrifað undir nýjan leikmannssamning þegar ákvörðun um bætur er tekin, skal verðmæti nýs samnings yfir samsvarandi tíma og eftir var af gildistíma eldri samnings sem rift var, dregið frá bótagreiðslu samkvæmt grein 18.1.1. Ef riftun á samningi hefur stafað af gjaldföllum greiðslum þá er heimilt að ákveða leikmanni bætur til viðbótar sem samsvara allt að þremur mánaðarlaunum, en allt að sex mánuðum ef kringumstæður eru jafnframt verulega ámælisverðar. Heildarbætur skulu aldrei ákvarðaðar hærrí en sem nemur verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem er rift, sbr. grein 18.1.1.
- 18.1.3. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt heldur en kveðið er á um í greinum 18.1.1 og 18.1.2, ganga þau framár.
- 18.2. Óheimilt er að framselja bótarétt til þriðja aðila. Ef samningsleikmanni er gert að greiða bætur, skal hann ásamt nýju félagi, hafi hann gert leikmannssamning við nýtt félag, bera sameiginlega og óskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Heimilt er að kveða á um upphæðina í leikmannssamningi eða semja um hana með öðrum hætti á milli aðila.
- 18.3. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, getur íþróttalegum viðurlögum verið beitt gagnvart hverjum þeim leikmanni sem brýtur gegn samningi á verndaða tímabilinu (protected period). Viðurlög geta verið tveggja mánaða bann frá því að leika opinbera knattspyrnuleiki. Ef um er að ræða sérstaklega alvarlegt tilvik skal leikbann vara í allt að fimm mánuði. Íþróttaleg viðurlög skulu taka gildi strax þegar leikmanni hefur verið tilkynnt um viðkomandi ákvörðun. Áhrifum íþróttalegra viðurlaga skal frestað á

tímabilinu á milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks tímabilsins og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta tímabils, þ.m.t. eru knattspyrnuleikir í deildarbikarkeppni, bikarkeppni og öðrum alþjóðlegum knattspyrnumótum fyrir félög. Frestun áhrifa íþróttalegra viðurlaga á þó ekki við ef leikmaðurinn er með stöðuga reynslu sem leikmaður landsliðs og viðkomandi landslið tekur þátt í lokakeppni alþjóðlegs móts á tímabilinu milli síðasta opinbera knattspyrnuleiks og fyrsta opinbera knattspyrnuleiks næsta keppnistímabils. Einhliða brot á samningi án réttmætrar ástæðu eða réttmætrar íþróttalegrar ástæðu eftir verndaða tímabilið, skal ekki leiða til íþróttalegra viðurlaga. Agaviðurlögum getur þó verið beitt utan verndaða tímabilsins hafi riftun á samningi ekki verið tilkynnt innan 15 daga frá síðasta opinbera knattspyrnuleik keppnistímabilsins (þ.m.t. bikarkeppni) þess félags sem leikmaðurinn er skráður hjá. Verndaða tímabilið byrjar aftur við endurnýjun/framlengingu á fyrri samningi.

- 18.4. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, skal íþróttalegum viðurlögum beitt gagnvart því félagi sem brýtur gegn samningi á verndaða tímabilinu. Gert er ráð fyrir, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að sérhvert félag sem undirritar samning við samningsleikmann, sem hefur sagt upp samningi sínum án réttmætrar ástæðu, hafi hvatt þann samningsleikmann til að fremja brot á samningi. Félaginu skal bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil. Félagið skal eigi fyrir en frá og með upphafi næsta félagaskiptatímabils eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt vera heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. og 10.3. til að skrá leikmenn á fyrri stigum.
- 18.5. Aðili sem fellur undir lög og reglugerðir KSÍ og/eða FIFA og hefur með einum eða öðrum hætti gert tilraun til eða hvatt til samningsbrots á milli samningsleikmanns og félags með það fyrir augum að auðvelda félagaskipti leikmanns skal sæta viðurlögum.

19. grein - Sérstök ákvæði um samningsgerð við kvenleikmenn

- 19.1. Kvenkyns leikmenn eiga rétt á fæðingarorlofi á meðan samningstímabili stendur. Skulu greiðslur í fæðingarorlofi nema 2/3 hluta samningsbundinna greiðslna samkvæmt leikmannssamningi. Veiti ákvæði í lögum eða kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt, þá ganga þau framár.
- 19.2. Ákvæði í samningi um heimild félags til að segja upp samningi við kvenkyns leikmann vegna þungunar, barneignar eða vegna töku fæðingarorlofs á gildistíma samnings eru óheimil og hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.
- 19.3. Ef félag riftir samningi einhliða á samningstímanum vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður tekur fæðingarorlof eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi tengd meðgöngu eða barneign og kveðið er á um í reglugerð þessari, skal miðað við að félag hafi rift samningi án réttmætrar ástæðu.
- 19.3.1. Miðað skal við, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að einhliða riftun félags á samningi við leikmann, á meðan meðgöngu leikmanns eða fæðingarorlofi stendur, sé vegna meðgöngu eða barneignar leikmanns.
- 19.4. Hafi samningi verið rift vegna þungunar eða barneignar leikmanns, skulu bætur til leikmanns reiknast á eftirfarandi hátt:
- 19.4.1. Hafi leikmaður ekki skrifað undir nýjan leikmannssamning í kjölfar riftunar á fyrri samningi, þá skulu bætur að jafnaði samsvara þeim verðmætum sem á eftir að greiða samkvæmt samningnum sem var rift.

- 19.4.2. Hafi leikmaðurinn skrifað undir nýjan leikmannssamning þegar ákvörðun um bætur er tekin, skal verðmæti nýs samnings yfir samsvarandi tíma og eftir var af gildistíma eldri samnings sem rift var, dregið frá bótagreiðslu samkvæmt grein 19.4.1.
- 19.4.3. Til viðbótar greiðslu bóta skv. 19.4.1 eða 19.4.2., skal ákveða leikmanni bætur sem samsvara sex mánaðarlaunum samkvæmt samningnum sem var rift.
- 19.4.4. Veiti ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila, leikmanni betri rétt heldur en kveðið er á um í greinum 19.4.1., 19.4.2. eða 19.4.3., ganga þau ákvæði frammar.
- 19.5. Til viðbótar skyldu til greiðslu bóta, getur íþróttalegum viðurlögum verið beitt gagnvart því félagi sem hefur einhliða rift samningi vegna þess að leikmaður er eða hefur orðið barnshafandi, leikmaður er í fæðingarorlofi eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi vegna meðgöngu eða barneignar almennt. Félaginu skal þá bannað að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum, í tvö heil og samfelld félagaskiptatímabil. Félagið skal eigi fyrr en frá og með upphafi næsta félagaskiptatímabils eftir að viðkomandi íþróttalegum viðurlögum hefur verið fullnægt vera heimilt að skrá nýja leikmenn, hvort sem er frá félögum innanlands eða frá erlendum félögum. Viðkomandi félagi er óheimilt að notfæra sé undantekningu í greinum 10.2. og 10.3. til að skrá leikmenn á fyrri stigum. Samhliða viðurlögum, skv. grein 19.5., má beita félagi sekt.
- 19.6. Á meðgöngu hefur leikmaður eftirfarandi réttindi yfir samningstímabil:
- 19.6.1. Leikmaður hefur rétt til þess að sinna áfram íþróttalegum skyldum sínum (þ.e. æfa og keppa í knattspyrnu) gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (valinn af leikmanni og félagi) um að það sé henni óhætt. Í slíku tilfalli ber samningsfélagi að virða ákvörðun leikmanns og setja upp viðeigandi æfingaáætlun fyrir áframhaldandi íþróttapátttöku sem miðar að því að öryggi og heilsa leikmanns og ófæddis barns sé tryggð.
- 19.6.2. Leikmaður hefur rétt til að sinna öðrum atvinnuskyldum gagnvart samningsfélagi, ef meðferðaraðili telur ekki öruggt að leikmaður sinni áfram íþróttalegum skyldum sínum samkvæmt leikmannssamningi eða ef leikmaður ákveður sjálfur að nýta ekki sinn rétt, skv. 19.6.1., að sinna áfram íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Í slíku tilfalli ber samningsfélagi að virða ákvörðun leikmannsins og setja upp áætlun um aðrar atvinnuskyldur leikmannsins gagnvart samningsfélagi í samráði við leikmanninn. Sem endurgjald fyrir vinnuna á leikmaður rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda fram að töku fæðingarorlofs.
- 19.6.3. Leikmaður hefur rétt á að ákveða sjálfstætt upphafsdagsetningu fæðingarorlofs. Sérhvert félag sem neyðir eða þrýstir á leikmann til töku fæðingarorlofs á tilteknum tíma skal beitt viðurlögum af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
- 19.6.4. Leikmaður hefur rétt á að snúa aftur að loknu fæðingarorlofi til að sinna íþróttalegum skyldum sínum gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (valinn af leikmanni og félagi) um að það sé leikmanninum óhætt. Leikmaður á rétt til greiðslu fullra samningsbundinna launa/endurgjalds og/eða hlunninda eftir að hún snýr aftur að loknu fæðingarorlofi.

- 19.7. Leikmanni skal veitt tækifæri og svigrúm til brjóstgjafar/næringar ungbarns á meðan leikmaður sinnir íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Samningsfélag skal veita leikmanni viðeigandi aðstöðu til brjóstgjafar í samræmi við gildandi landslög eða ákvæði í kjarasamningi á milli fulltrúa atvinnurekanda/félaga og launafólks/leikmanna, sem bindur samningsaðila.

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

20. grein - Tilkynning, keppnisleyfi o.fl.

- 20.1. Beiðni um félagaskipti innanlands fer í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ í samræmi við reglur Viðauka I við reglugerð þessa. Með því að setja fram beiðni um félagaskipti og með því að samþykkja slíka beiðni eru viðkomandi aðilar jafnframt að lýsa yfir að þeir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari.
- 20.2. Þegar beiðni um félagaskipti er fullfrágengin í félagaskiptakerfi KSÍ auk þess sem skráningargjald er greitt, skal skrifstofa KSÍ staðfesta félagaskiptin og gefa út keppnisleyfi til hins nýja félags, í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, m.a. gr. 20.5 og gr. 3.1.5 við viðauka I við reglugerð þessa:
- 20.2.1. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 16 ára og eldri innanlands skal vera 3.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 16 ára innanlands skal vera kr. 1.500,-.
- 20.2.2. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 18 ára og eldri úr erlendu félagi hingað til lands skal vera kr. 5.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 18 ára úr erlendu félagi hingað til lands (FIFA Minor transfer) skal vera kr. 10.000,-.
- 20.2.3. Skráningargjald, skv. gr. 20.3.1., skal falla niður sé um að ræða félagaskipti leikmanns á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.
- 20.3. Félag sem er í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót vegna skráningargjalds, skv. grein 20.3., geta verið svipt rétti til félagaskipta tímabundið af framkvæmdastjóra KSÍ þar til skuld er gerð upp að fullu, þó að því tilskildu að félaginu hafi verið tilkynnt skriflega um vanskil þar sem félaginu eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til sviptingar á rétti til félagaskipta tímabundið. Tilkynning um sviptingu á rétti til félagaskipta og aflétting á slíku banni skal vera skrifleg.
- 20.4. Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi beiðni um félagaskipti verið fullfrágengin í samræmi við reglugerð þessa og Viðauka I við reglugerðina fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður beiðni sem gengið er frá að fullu um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. Hafi beiðni um félagaskipti verið stofnuð og undirrituðu samþykki leikmanns, og eftir atvikum forráðamanns, hlaðið upp í félagaskiptakerfi KSÍ fyrir miðnætti á lokadegi félagaskiptatímabils skal íslensku félagi sem gengið er úr gefinn einn virkur dagur til að ganga frá félagaskiptunum með staðfestingu sinni í kerfinu. Keppnisleyfi með nýju félagi getur því tekið gildi í slíkum tilfellum nokkrum dögum eftir að félagaskiptatímabili lýkur en við útgáfu slíks keppnisleyfis ber að gæta þess að a.m.k. tveir dagar líði á milli leikja hjá leikmanninum. Þegar félagið sem gengið er úr er erlent skulu reglur FIFA gilda og getur keppnisleyfi verið gefið út allt að 7 dögum frá lokadegi félagaskiptatímabils.

- 20.5. Leikmaður getur ekki dregið félagaskipti til baka eftir að hann er orðinn hlutgengur með nýja félaginu, eða eftir að hann hefur skrifað undir samning við nýja félagið.
- 20.6. Skrifstofa KSÍ hefur heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna hafi verið sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann, sem hann hefur áður verið úrskurðaður í.
- 20.7. Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki staðfesta félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilaunum milli félaganna. Í slíkum málum við lok félagaskiptatímabils er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi tveimur virkum dögum eftir að skrifleg beiðni berst en hún skal hafa borist fyrir lok félagaskiptatímabilsins. Í því tilfalli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum, og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í sama flokki. Samninga- og félagaskiptanefnd er heimilt að beita félagið viðurlögum ef það neitar að staðfesta félagaskipti leikmanns án nokkurra gildra ástæðna.

21. grein - *Tímabundin félagaskipti/lán á samningsleikmanni*

- 21.1 Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti/lán á samningsleikmanni yfir tilgreint tímabil til nýs félags fyrir leikmann sem er á leikmannssamningi samkvæmt reglum KSÍ.
- 21.2. Beiðni um tímabundin félagaskipti innanlands fer í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ í samræmi við reglur Viðauka I við reglugerð þessa.
- 21.3. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu eftir lok síðara félagaskiptatímabils ár hvert fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils sama ár og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils.
- 21.4. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti samningsleikmanns, skulu gera um það skriflegan samning. Eftirfarandi reglur skulu gilda um samningsgerð vegna tímabundinna félagaskipta:
- 21.4.1 Samningsfélag og nýtt félag skulu gera skriflegan samning („lánssamning“) þar sem tilgreina skal gildistíma samnings, réttindi og skyldur félaganna, sér í lagi fjárhagslegar skuldbindingar. Lánssamningur skal undirritaður af báðum félögum, leikmanni og forráðamanni þegar við á.
- 21.4.2 Samningsleikmaður og nýtt félag skulu gera skriflegan samning sem nær yfir tilgreint tímabil tímabundinna félagaskipta.
- 21.4.3 Á meðan tilgreint tímabil tímabundinna félagaskipta stendur yfir skulu allar samningskuldbindingar á milli leikmanns og samningsfélags falla niður, nema annað sé tekið fram í lánssamningi.
- 21.4.4 Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila og skal hámarkstími tímabundinna félagaskipta vera til loka keppnistímabils sama ár og gengið er frá tímabundnum félagaskiptum. Samningsákvæði um lengri tíma tímabundinna félagaskipta hafa hvorki gildi né sjálfstæða þýðingu.
- 21.4.5 Framlengja má lánssamning svo fremi sem tímamörk greinar 21.4.4 tímabundinna félagaskipta séu virt og fyrir liggi samþykki samningsleikmanns.

- 21.4.6 Nýju félagi er óheimilt, án samþykkis samningsfélags, að lána samningsleikmann áfram eða samþykkja varanleg félagaskipti samningsleikmanns til þriðja félags.
- 21.5. Ef samningi leikmanns við nýtt félag, sbr. grein 21.4.2, hefur verið rift einhliða fyrir lok tilgreinds tímabils tímabundinna félagaskipta, skal eftirfarandi gilda:
- 21.5.1 Samningsleikmaður hefur rétt á að snúa aftur til samningsfélags.
- 21.5.2 Samningsleikmanni ber án tafar að upplýsa samningsfélag um einhliða riftun samnings og hvort leikmaðurinn muni snúa aftur til samningsfélags.
- 21.5.3 Ef samningsleikmaður ákveður að snúa aftur til samningsfélags, þá ber samningsfélagi að taka við leikmanni og skulu samningsskuldbindingar á milli leikmanns og samningsfélags aftur taka gildi frá þeim tímapunkti.
- 21.5.4 Ef samningi leikmanns við nýtt félag, sbr. grein 21.4.2., hefur verið rift einhliða án réttmætrar ástæðu af hálfu nýs félags og samningsleikmaður hefur ákveðið að snúa aftur til samningsfélags, þá á samningsfélag rétt á greiðslu bóta frá hinu nýja félagi. Bætur skulu að jafnaði samsvara hlunnindum og greiðslum til leikmanns samkvæmt gildandi samningi við samningsfélag frá þeim degi sem samningsleikmaður sneri aftur til samningsfélags og fram að lokum gildistíma lánessamnings.
- 21.5.5 Réttur samningsaðila, skv. grein 21.5, hefur ekki áhrif á réttindi samningsaðila sem kveðið er á um í 18. grein þegar við á.
- 21.6. Eftirfarandi takmarkanir gilda vegna tímabundinna félagaskipta/lán á samningsleikmanni:
- 21.6.1 Hverju samningsfélagi er heimilt að lána til annarra félaga að hámarki sex samningsleikmenn hvert keppnistímabil.
- 21.6.2 Hverju félagi er heimilt að fá til sín á láni frá öðrum félögum að hámarki sex samningsleikmenn hvert keppnistímabil.
- 21.6.3 Takmarkanir í greinum 21.6.1. og 21.6.2. gilda ekki um lán á heimaöldum samningsleikmanni ef félagaskipti eiga sér stað á keppnistímabili þess almanaksárs sem leikmaður verður 21 árs eða fyrr.
- 21.7. Eftirfarandi takmarkanir gilda vegna tímabundinna félagaskipta/lán á samningsleikmanni óháð aldri samningsleikmanns:
- 21.7.1 Hverju samningsfélagi er heimilt að lána til annars félags (sama félags) að hámarki þrjá samningsleikmenn yfir hvert keppnistímabil.
- 21.7.2 Hverju samningsfélagi er heimilt að fá til sín á láni frá öðru félagi (sama félagi) að hámarki þrjá samningsleikmenn yfir hvert keppnistímabil.
- 21.7.3 Takmarkanir í greinum 21.7.1. og 21.7.2. gilda ekki um lán leikmanna á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.
22. grein – *Brúarfélagaskipti (Bridge transfer)*
- 22.1 Félagi og leikmanni er óheimilt að taka þátt í brúarfélagaskiptum.

- 22.2 Gert er ráð fyrir, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða, að ef tvö samfelld félagaskipti (innanlands eða á milli landa) sama leikmanns eiga sér stað innan 16 vikna tímabils, þá hafi viðkomandi félög og leikmaður tekið þátt í brúarfélagaskiptum.
- 22.3 Félag og/eða leikmaður sem tekur þátt í brúarfélagaskiptum skal sæta viðurlögum í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar og/eða aganefnd FIFA (FIFA Disciplinary Committee).

23. grein - Erlendir leikmenn

- 23.1 Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrír erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður-Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.
- 23.2 Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

24. grein - Félagaskiptagjald

- 24.1 Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta ákvæðum þessarar greinar. Sömu ákvæði gilda í þessari grein um leikmannssamninga og sambandssamninga.
- 24.2 Geri leikmaður samning við félag í fyrsta sinn, á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr þá skal það félag greiða gjald til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með frá og með því almanaksári er leikmaðurinn var 12 ára til og með því almanaksári er leikmaðurinn verður 23 ára. Gjaldið skal nema kr. 200.000,- þegar um leikmannssamning er að ræða og kr. 100.000,- þegar um sambandssamning er að ræða og skiptist á milli félaganna í hlutfalli við þau keppnistímabil er leikmaðurinn hefur leikið með viðkomandi félögum, skv. töflu þeirri er fram kemur í gr. 26.2.2.
- 24.3 Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, en þeim samningi er lokið, gerir samning við nýtt félag á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal það greiða fyrra félaginu, sem hann var samningsbundinn við, félagaskiptagjald fyrir, í samræmi við gr. 24.2., enda hafi það félag er leikmaðurinn var síðast samningsbundinn við, boðið leikmanninum nýjan samning með sannanlegum hætti a.m.k. 30 dögum áður en að síðasti samningur rann út. Slíkt samningstilboð þarf að vera a.m.k. jafnmikils virði fyrir leikmanninn og sá samningur sem var að renna út. Hafi ekkert slíkt tilboð legið fyrir, kemur ekki til greiðslu félagaskiptagjalds, skv. gr. 24.2.
- 24.4 Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar samnings. Félagi, sem verður uppvíst að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan gjaldféll og KSÍ sömu upphæð í sekt.
- 24.5 Til að félag haldi rétti sínum til félagaskiptabóta, skv. gr. 24.2, skal það hafið boðið leikmanninum leikmannssamning með sannanlegum hætti eigi síðar en á því

almanaksári sem að leikmaðurinn verður 19 ára eða sambandssamning í þeim deildum þar sem ekki er heimilt að gera leikmannssamning.

VII. kafli. FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA MILLI LANDA

25. grein - Almenn ákvæði

- 25.1 Ef leikmaður sem skráður er í íslenskt félag gengur til liðs við félag í öðru landi berst KSÍ beiðni um útgáfu alþjóðlegs flutningsskírteinis honum til handa frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Ef samkomulag er um félagaskiptin gefur skrifstofa KSÍ út flutningsskírteinið svo fremi sem skrifstofu KSÍ berist nauðsynleg staðfesting frá félagi leikmannsins.
- 25.2 Félagaskipti leikmanna undir 18 ára aldri eru ekki heimil milli landa. Þó er heimilt að veita undanþágu fyrir félagaskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins ef leikmaður hefur náð 16 ára aldri og skilyrði FIFA um slík félagaskipti eru uppfyllt. Slíkri undanþágubeiðni skal beint til framkvæmdastjóra KSÍ. Ákvörðun hans er hægt að áfrýja til samninga- og félagaskiptanefndar.
- 25.3 Leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í keppni erlendis fyrir en KSÍ hefur gefið út flutningsskírteini fyrir hann í samræmi við reglur FIFA. Leikmanni er ekki heimilt að leika hér heima að nýju fyrir en KSÍ hefur borist flutningsskírteini og gefið út keppnisleyfi honum til handa. Flutningsskírteini skulu vera í samræmi við reglur FIFA.
- 25.4 KSÍ er þó heimilt að taka skeyti gild sem bráðabirgða flutningsskírteini uns formlega rétt flutningsskírteini berst KSÍ, skv. reglum FIFA.
- 25.5 Ef leikmaður hefur leikið sem áhugamaður eða atvinnumaður með erlendu liði, skal fara með félagaskiptin samkvæmt grein 21.5.
- 25.6 Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á skilgreindum félagaskiptatímabilum.
- 25.7 Við félagaskipti erlends leikmanns sem kemur frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum í íslenskt félag skal beiðni um félagaskipti fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun og/eða Vinnumálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi. Við félagaskipti erlends áhugaleikmanns/sambandsleikmanns, til félags sem leikur í deild þar sem aðeins áhugaleikmenn leika, sem kemur frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum í íslenskt félag skal beiðni um félagaskipti fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun á dvalarleyfi leikmannsins hér á Íslandi. Beiðnir um félagaskipti erlendra leikmanna utan þess svæðis en að ofan greinir eru ekki teknar til greina nema umrædd staðfesting liggi fyrir.
- 25.8 Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns milli landa skv. reglum FIFA og skal senda afrit af samkomulagi um tímabundin félagaskipti til skrifstofu KSÍ.
- 25.9 Leikmaður, sem hyggst gerast atvinnumaður í knattspyrnu með erlendu félagi, skal tilkynna þá ákvörðun strax til félags síns. Með slík félagaskipti skal farið samkvæmt reglum FIFA um félagaskipti milli landa.
- 25.10 Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög á Íslandi, skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptabótum skv. reglum FIFA.

26. grein - Sérákvæði fyrir leikmenn sem eru samningsleikmenn

- 26.1 Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, hyggst ganga til samninga um að leika með erlendu félagi skulu þeir samningar fara fram í samráði við samningsfélagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum:
- 26.1.1 Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur.
- 26.1.2 Stjórn félagsins semur um félagaskiptabætur (uppeldisbætur) við erlenda félagið.
- 26.1.3 Leikmaður getur samið sérstaklega við stjórn félagsins um hlutdeild í félagaskiptagjaldinu. Sú hlutdeild getur þó ekki orðið hærrí en 10% af félagaskiptagjaldinu.
- 26.1.4 Samstöðubætur sem koma til við félagaskipti leikmanns til erlends félags skulu greiddast til uppeldsfélaga samkvæmt reglum FIFA en félagaskiptabætur skiptast eftir ákvæðum reglugerðar þessarar sem og uppeldisbætur samkvæmt reglum FIFA þegar að íslenskt félag á rétt á uppeldisbótum skv. reglum FIFA þegar að atvik eru með þeim hætti að leikmaður hefur hafnað tilboði félags um leikmannssamning, sbr. ákvæði 26.2. Skal í þeim efnum litið svo á að í greiðslum, skv. ákvæðum 24.2. til 24.3., felist skilyrtar uppeldisbætur með þeim hætti að félagið sem innt hefur af hendi greiðslu hefur aðeins að hluta greitt fyrir uppeldi leikmannsins, en að félagið sem tekur við greiðslu eigi enn hlutdeild í greiðslu félagaskiptagjalds eða uppeldisbóta eftir atvikum (þegar leikmaður hefur hafnað tilboði um leikmannssamning) nema að um annað hafi verið samið. Félagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn við eða var síðast samningsbundinn við (þegar leikmaður hefur hafnað tilboði um leikmannssamning) fer með samningagerð fyrir hönd allra félaga sem rétt geta átt á greiðslum fyrir leikmanninn skv. reglugerð þessari og ber ábyrgð á að upplýsa önnur félög er rétt kunna að eiga til hlutdeildar í félagaskiptagjaldi eða uppeldisbótum (þegar leikmaður hefur hafnað tilboði um leikmannssamning) um efni samnings og skipta greiðslum á milli félaga.
- 26.2 Eigi félagaskiptin sér stað á því almanaksári sem að leikmaðurinn verður 23 ára gamall eða fyrr og hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög á Íslandi frá og með því almanaksári sem að leikmaðurinn var 12 ára gamall skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu (á við allar greiðslur sem koma til á grundvelli samnings um félagaskipti hvenær og hvernig sem þær koma til greiðslu) og uppeldisbætur í þeim tilvikum sem leikmaður hefur hafnað tilboði um leikmannssamning sem hér segir:
- 26.2.1 Félagið, sem leikmaðurinn er samningsbundinn við eða var samningbundinn við, skal fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna félagaskipta innanlands, og 75% fjárhæðarinnar sem þá stendur eftir, þegar tekið hefur verið tillit til hlutdeildar leikmanns ef einhver er, sbr. ákvæði 26.1.3.
- 26.2.2 Afgangurinn skal skiptast milli þeirra félaga sem leikmaður lék með frá og með því almanaksári sem leikmaðurinn var 12 ára í réttu hlutfalli við dvöl hans hjá hverju þeirra innan tímamarka keppnistímabils, sbr. ofan, samkvæmt því sem greinir hér að neðan.
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 12 ára: 5%
 - Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 13 ára: 5%
 - Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 14 ára: 5%
 - Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 15 ára: 5%
 - Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 16 ára: 10%

- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 17 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 18 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 19 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 20 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 21 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 22 ára: 10%
- Tímabil þess almanaksár er leikmaðurinn verður 23 ára: 10%

- 26.2.3 Hafi félagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn við, greitt öðru félagi sem leikmaðurinn lék með áður en að hann gekk til liðs við félagið sem að hann er samningsbundinn við, vegna félagaskipta og sú greiðsla hefur verið umfram það sem greiða ber samkvæmt 24. gr. reglugerðar þessarar, skal þess getið í samningi aðila hvort að verið sé að greiða fyrir réttindi þess félags sem leikmaðurinn gengur úr skv. gr. 26.2.2. skv. reglugerð þessari eða ekki.
- 26.2.4 Félag sem haft hefur leikmann á láni öðlast ekki rétt til hlutdeildar í félagaskiptagjaldi nema sérstaklega hafi verið samið um það á milli félagsins sem leikmaðurinn var samningsbundinn og þess félags sem fékk leikmanninn á láni.
- 26.2.5 Félagaskiptin skulu miðast við dagsetningu alþjóðlegs flutningsskírteinis.
- 26.2.6 Innlent félag sem gerir samning við erlent félag um félagaskipti leikmanns til erlenda félagsins skal afhenda KSÍ afrit af samningi um félagaskipti. Þau félög sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við félagaskiptin geta krafist nauðsynlegra gagna frá samningsfélaginu.
- 26.3 Ef ágreiningur verður um skiptinguna skv. grein 26.2 skal heimilt að skjóta þeim ágreiningi til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Er öllum félögum skylt að leggja önnur nauðsynleg gögn fyrir samninga- og félagaskiptanefnd sem úrskurðar í málinu.
- 26.4 Geri leikmaður, sem var samningsbundinn félagi á Íslandi og gekk til liðs við erlent félag án þess að félagaskiptagjald væri greitt, samning við annað félag á Íslandi innan árs eftir að samningi hans við íslenska félagið lauk og á því almanaksári sem leikmaðurinn verður 23 ára eða fyrr, skal nýja félagið greiða félagaskiptagjald samkvæmt grein 24.2. til þess félags sem hann var samningsbundinn við áður, nema það hafi greitt sambærilegt félagaskiptagjald til erlenda félagsins.

VIII. kafli. SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFND KSÍ

27. grein - Starfsskilyrði nefndarinnar

- 27.1 Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal skipuð þremur nefndarmönnum og þremur til vara. Einn nefndarmanna og einn varamanna skulu vera lögfræðingar. Stjórn KSÍ skipar nefndarmenn. Starfsmenn KSÍ annast daglegan rekstur málefna nefndarinnar undir stjórn framkvæmdastjóra KSÍ.
- 27.2 Nefndarmaður skal víkja ef ákvarðanatáka snertir hagsmuni hans eigin félags eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum og gilda um nefndarmenn sömu vanhæfisreglur og koma fram í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

28. grein - Skrifstofa KSÍ

- 28.1 Skrifstofa KSÍ skal fá afrit af undirrituðum leikmannssamningum og sambandssamningum og sjá um skráningu á þeim í sérstaka leikmannaskrá.

Framkvæmdastjóri KSÍ er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ.

- 28.2 Skrifstofa KSÍ getur hafnað samningi vegna formgalla og skal þá báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Skrifstofunni er einnig heimilt að veita allt að 2 vikna viðbótarskráningartíma til að bæta úr formgöllum. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella skal skráningu samnings hafnað og báðum samningsaðilum tilkynnt um það.
- 28.3 Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal hafa aðgang að öllum gögnum vegna ágreiningsmála, sem til nefndarinnar koma.

29. grein - Hlutverk nefndarinnar

- 29.1 Ef ágreiningsefni kemur upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skal nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Fara skal eftir eftirfarandi meginreglum:
- 29.1.1 Kröfur aðila skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega á stöðluðu formi KSÍ.
- 29.1.2 Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu.
- 29.1.3 Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila.
- 29.1.4 Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal Héraðsdómur Reykjavíkur skipa oddamann.
- 29.2 Ágreining milli íslenskra félaga við félagaskipti, m.a. um greiðslur o.fl., skal leggja fyrir samninga- og félagaskiptanefnd og skal málsmeðferð vera með sama hætti og fram kemur í grein 29.1. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og bindandi fyrir alla málsaðila. Ágreining við erlent félag er þó hægt að leggja fyrir FIFA.
- 29.3 Samninga- og félagaskiptanefnd tekur einnig á öðrum málum þar sem ákvæði reglugerðar þessar eða annarra reglugerða KSÍ heimila málskot til hennar.
- 29.4 Úrskurðir og ákvarðanir samninga- og félagaskiptanefndar er ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda málsaðilar sig til að skjóta ágreiningi sem nefndin hefur úrskurðað í ekki til almennra dómstóla.
- 29.5 Samninga- og félagaskiptanefnd setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.
- 29.6 Ágreiningsefni til samninga- og félagaskiptanefndar skal hafa borist nefndinni skriflega innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu átti sér stað. Berist nefndinni erindi eftir þetta tímamark skal nefndin vísa málinu frá.
- 29.7 Aðili/félag sem vísar ágreiningsefni til úrlausnar hjá samninga- og félagaskiptanefnd skal greiða gjald til KSÍ. Gjaldið skal vera kr. 15.000,- og er óendurkræft.

IX. kafli. VIÐURLÖG VIÐ BROTUM

30. grein - Refsiheimildir

- 30.1 Ef félag verður uppvíst að broti á reglugerð þessari þá er framkvæmdastjóra KSÍ og/eða samninga- og félagskiptanefnd heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum (einni eða fleiri saman):
- 30.1.1 Áminningu
- 30.1.2 Sekt
- 30.1.4 Svipta félagi rétti til að gera nýja samninga
- 30.1.5 Önnur viðurlög eða refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ heimila.

X. kafli. STADALSAMNINGUR KSÍ

31. grein - Staðalsamningur KSÍ

- Leikmannssamningur
 Sambandssamningur
 (merkið við þar sem við á)

Félagið [] , kt _____ hér eftir nefnt félag, og [] , leikmaður félagsins, kt. _____ hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, samanber reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Samningur þessi gildir frá [] til [] (dagsetning). Athugið að leikmannssamningur getur aldrei náð yfir skemmra tímabil en eitt keppnistímabil eða út yfirstandandi keppnistímabil og að allir samningar verða að renna út á tímabilinu 16. nóvember – 31. desember.

1. Skyldur leikmanns

- Leikmaður skuldbindur sig til að æfa og leika knattspyrnu með félagi sínu á samningstímanum samkvæmt ákvörðunum stjórnar þess, og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn þess. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins eða fulltrúa hennar (þjálfara).
- Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum, sem settar eru um undirbúning leikja, og nota þann útbúnað sem félagið fer fram á að verði notaður.
- Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu og knattspyrnuhreyfingunni sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins og íþróttarinnar.
- Leikmanni er óheimilt að taka þátt í eða stunda veðmál, beint eða óbeint, sem tengjast knattspyrnuleik samningsfélags og/eða knattspyrnuleik aðildarfélags KSÍ. Verði leikmaður uppvís af broti á framangreindu og/eða á ákvæðum 4.3. og 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, getur það varðað fyrirvaralausri uppsögn á samningi þessum. Verði leikmaður uppvís að hagræðingu úrslita, eða þátttöku í hagræðingu úrslita knattspyrnuleiks samningsfélags og/eða knattspyrnuleiks aðildarfélags KSÍ getur það varðar fyrirvaralausri uppsögn á samningi þessum.
- Leikmaður skal í einu og öllu fylgja þeim reglum sem gilda varðandi lyfjamisnotkun og bannaðar aðferðir í íþróttum hér er m.a. átt við boðun í lyfjapróf, bannlista alþjóða lyfjaeftirlitsins (WADA) og undanþágur frá honum. Leikmanni ber að kynna sér þær

reglur er gilda innan íþróttahreyfingarinnar varðandi lyfjanotkun íþróttamanna. Leikmaður skal gæta varúðar við töku fæðubótarefna.

- f. Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins.
- g. Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna knattspyrnu á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum KSÍ, sbr. reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum. Leikmanni er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en knattspyrnu án sérstaks leyfis stjórnar félagsins, sem setur viðeigandi skilyrði.
- h. Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram koma í samningi þessum. Fyrir sambandsamning geta greiðslur náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja, kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni og umbun tengda árangri, þó þannig að heildarupphæð á greiðslum vegna og til leikmanns má ekki vera hærri en 300.000 kr.
- i. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga eða hafa samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn á þeirra vegum. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma, en það skal tilkynnt stjórn félagsins skriflega og með sannanlegum hætti áður en þær viðræður hefjast. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við stjórn félagsins.

2. Skyldur félags

- a. Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni þeim að kostnaðarlausu.
- b. Félagið skal gæta þess að þjálfarar þess stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum árangri.
- c. Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða KSÍ, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins eða KSÍ. Samningsfélag skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkraþjálfari.
- d. Félagið skal sjá um að leikmaður fái leikmannapassa, sem gildir á alla leiki í viðkomandi deild.
- e. Samningsfélag skal útvega leikmanni nauðsynlegan útbúnað til æfinga og keppni. Sambandsfélag skal útvega leikmanni helsta útbúnað til æfinga og keppni.
- f. Félagið skal ganga frá tryggingu fyrir leikmanninn, sem nær yfir slys og meiðsli við æfingar, keppni, ferðir og starf í tengslum við félagið og KSÍ, sem tryggir leikmanninum slysadagpeninga, örorkubætur og e.t.v. dánarbætur samkvæmt eftirfarandi: (fram verða að koma helstu ákvæði og númer tryggingaskírteinis)

--

- g. Í einstökum tilvikum er stjórn félagsins hvött til að gera undantekningu frá reglum hvað varðar greiðslur vegna félagsskipta samningsbundinna leikmanna. Þetta á einkum við þegar mjög persónulegar aðstæður valda félagsskiptum, t.d. ef leikmaður fer erlendis til náms, eða við flutninga vegna breyttra persónulegra haga. Slíkar undantekningar eru þó í öllum tilvikum háðar mati stjórnar félagsins, sem er heimilt að setja viðeigandi skilyrði.

h. Leikmaður skal fá afrit af samningi þessum að lokinni undirskrift.

3. Almenn ákvæði

- a. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabíla í efstu deild karla, en þriggja keppnistímabíla í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla. Þó er aldrei heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabíla við leikmenn sem eru yngri en 18 ára. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabíla.
- b. Óheimilt er að setja inn í samninginn eða viðauka við hann ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti. Leikmanni er heimilt að semja sérstaklega um hlutdeild í félagaskiptagjaldi við félagaskipti milli landa. Samkvæmt samningi þessum skal hlutur leikmanns vera | | % (mest 10%).
- c. Báðir aðilar gangast undir að virða lög og reglugerðir KSÍ í hvítvetna. Ef ágreiningsefni koma upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Ef slíkt dugar ekki skal samninga- og félagaskiptanefnd leysa úr ágreiningi aðila. Kröfur skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem nefndin hefur úrskurðað í, ekki til almennra dómstóla. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal Héraðsdómur Reykjavíkur skipa oddamann.
- d. Báðir aðilar skuldbinda sig til þess að vinna gegn kynþáttamisrétti og hvers konar annarri mismunun innan knattspyrnuhreyfingarinnar.
- e. Ef annar hvor samningsaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum.
- f. Ef samningsfélag fellur niður í 3. deild karla eða 2. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar skilyrðislaust renna út í lok keppnistímabíls án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila.
- g. Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum, þó skal líða a.m.k. 1 mánuður frá undirskrift samnings áður en slíkt tekur gildi. Upplýsingar um þetta skulu strax sendar skrifstofu KSÍ.
- h. Varðandi önnur atriði er vísað í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Eru ákvæði þeirrar reglugerðar skuldbindandi fyrir aðili samnings þessa og staðfesta aðilar það með undirskrift sinni.
- i. Breyti aðilar samningi þessum skulu slíkar breytingar tilkynntar með sama hætti og varðandi samning þennan og innan sömu tímamarka og um hann gilda.

4. Annað (laun, hlunnindi, sektarákvæði o.fl.)

Launakjör, greiðslufyrirkomulag og gjaldmiðill (fram verður að koma í hvaða gjaldmiðli greitt er, greiðsludagar launa (upphaf/lok mánaðar t.d.) og með hvaða hætti er greitt (peningar, millifærsla o.s.frv.))

Hlunnindi

Viðurlög við brotum á samningi

Önnur ákvæði

Undirritaðir staðfesta samning þennan með undirskrift sinni og votta jafnframt að þeir hafa kynnt sér innihald hans:

Staður Dagsetning

Staður Dagsetning

Undirskrift leikmanns

Undirskrift félags

Kennitala leikmanns

Kennitala félags

Undirskrift forráðamanns

Kennitala forráðamanns

Heimilisfang leikmanns

Umboðsmaður leikmanns tók þátt í
sammingsgerð: Já Nei

Ef já:

Undirskrift umboðsmanns

Kennitala umboðsmanns

Heimilisfang umboðsmanns

Mínt er á að samningurinn skal skráður hjá skrifstofu KSÍ innan mánaðar frá undirritun og eru fylgigögn með samningi þessum ekki heimil heldur skal hann innihalda öll sammingsákvæði aðila. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun sammings, ella verður skráningu sammings hafnað. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.

XI. kafli. GILDISTAKA

31. gr. - Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga KSÍ og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 14. febrúar 202

VIÐAUKI I - Rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ

1. grein - *Gildissvið*

- 1.1. Rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ var sett á laggirnar árið 2021. Rafræna félagaskiptakerfið skal nota við afgreiðslu á félagaskiptum leikmanna milli aðildarfélaga KSÍ. Félagaskipti leikmanna milli félaga sem tilheyra sitthvoru knattspyrnusambandinu skulu afgreidd í gegnum félagaskiptakerfi FIFA (FIFA Transfer Matching System – TMS).
- 1.2. Um afgreiðslu félagaskipta í rafrænu félagaskiptakerfi KSÍ skulu gilda ákvæði reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga sem og ákvæði viðauka þessa.

2. grein - *Rafræna félagaskiptakerfið*

- 2.1. Rafræna félagaskiptakerfi KSÍ er vefhýstur tölvuhugbúnaður til notkunar fyrir KSÍ og aðildarfélög innan KSÍ sem hannaður er til að sjá um stýringu og afgreiðslu á félagaskiptum innanlands innan skilgreindra félagaskiptatímabila.

3. grein - *Ferill félagaskipta innanlands*

- 3.1. Við vinnslu félagaskipta í rafrænu félagaskiptakerfi KSÍ skal eftirfarandi skrefum fylgt:
 - 3.1.1. Það félag (nýja félagið) sem óskar eftir félagaskiptum leikmanns úr öðru aðildarfélagi KSÍ (fyrra félagi) skal stofna félagaskiptabeiðni í hinu rafræna félagaskiptakerfi á aðgangi félagsins.
 - 3.1.2. Nýja félagið skal áður en beiðni er stofnuð hafa sannanlega aflað skriflegs umboðs eða samþykkis hjá leikmanni, og eftir atvikum forráðamanni, fyrir því að ganga í hið nýja félag. Sannanlegt umboð eða samþykki frá leikmanni þarf að vera óþvingað, þ.e. veitt af fúsum og frjálsum vilja og þarf um leið að vera rekjanlegt til viðkomandi leikmanns. Skriflegu umboði eða samþykki skal hlaðið upp í rafræna félagaskiptakerfið þegar beiðni um félagaskipti er stofnuð.
 - 3.1.3. Þegar gengið hefur verið frá félagaskiptabeiðni af hálfu hins nýja félags mun rafræna félagaskiptakerfið senda beiðni til fyrra félags viðkomandi leikmanns og óska eftir staðfestingu félagsins á félagaskiptunum. Fyrra félagið skal á aðgangi þess staðfesta afgreiðslu félagaskiptanna nema fyrir liggi ástæður sem hindra að félagaskipti verði staðfest / samþykkt. Sé beiðni um félagaskipti hafnað á grundvelli ákvæða í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga skal tilgreina ástæðu höfnunar á staðfestingu félagaskipta.
 - 3.1.4. Með staðfestingu frá fyrra félagi á afgreiðslu félagaskipta samþykkir félagið jafnframt að viðkomandi leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið.
 - 3.1.5. Þegar fyrir liggur staðfesting fyrra félags á félagaskiptabeiðni hins nýja félags mun skrifstofa KSÍ staðfesta félagaskiptin og gefa út keppnisleyfi til hins nýja félags nema fyrir liggi ástæður sem hindra að félagaskipti skuli staðfest. Kom til höfnunar skal skrifstofa KSÍ tilgreina formlega ástæðu höfnunar á afgreiðslu félagaskipta.
- 3.2. Sérreglur um feril rafrænna félagaskipta samningsbundinna leikmanna:

- 3.2.1. Ef samningur (leikmannssamningur eða sambandsamningur) er í gildi á milli leikmanns og fyrra félags þegar félagaskiptabeiðni er stofnuð hefur félagaskiptabeiðni nýja félagsins í för með sér beiðni um lausn leikmanns undan samningi hjá fyrra félagi.
- 3.2.2. Nýja félagið skal hafa sannanlega aflað skriflegs umboðs eða samþykkis hjá leikmanni, og eftir atvikum forráðamanni, fyrir því að ganga í hið nýja félag og fyrir ósk leikmanns að losna undan samningi hjá fyrra félagi. Sannanlegt umboð eða samþykki frá leikmanni þarf að vera óþvingað, þ.e. veitt af fúsum og frjálsum vilja og þarf um leið að vera rekjanlegt til viðkomandi leikmanns. Skriflegu umboði eða samþykki skal hlaðið upp í rafræna félagaskiptakerfið þegar beiðni er stofnuð.
- 3.2.3. Með staðfestingu frá fyrra félagi á afgreiðslu félagaskipta samþykkir félagið jafnframt að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Ef samningur er í gildi milli leikmanns og fyrra félags lýsir félagið því yfir að leikmaðurinn hafi verið leystur frá samningnum.
- 3.2.4. Með staðfestingu samþykkir nýja félag leikmannsins inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa skil á félagaskiptagjaldi/félagaskiptabótum og/eða uppeldis-/samstöðubótum skv. reglugerð FIFA gagnvart fyrra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á því, innan eins mánaðar frá því að slík krafa myndast, enda hafi ekki verið um annað samið milli félaganna.
- 3.2.5. Hafi hið nýja félag og fyrra félag samið um greiðslu vegna félagaskipta leikmanns skal greina frá umsaminni fjárhæð og umsömdum gjalddaga/gjalddögum greiðslu ef við á áður en gengið er endanlega frá félagaskiptabeiðni. Hafi skriflegur samningur verið gerður um félagaskipti skal hið nýja félag jafnframt hlaða upp afriti af undirrituðum samningi í rafræna félagaskiptakerfið. Samþykki fyrra félags á félagaskiptum þar sem nýja félagið hefur greint frá greiðslu fyrir félagaskiptin, en ekki hlaðið upp samningi þar um, skal fela í sér bindandi samkomulag á milli félaganna um fjárhæð greiðslu fyrir félagaskiptin. Slíkt samkomulag skal vera óháð greiðslu hvers konar félagaskiptabóta skv. reglugerðum KSÍ, uppeldisbóta FIFA eða samstöðubóta FIFA sem til getur komið til viðbótar við greiðslu fyrir félagaskipti nema samið hafi verið um annað.
- 3.3. Tímabundin félagaskipti:
- 3.3.1. Ef nýtt félag stofnar beiðni um tímabundin félagaskipti leikmanns (lán) skal vera í gildi skráður leikmannssamningur á milli leikmanns og félags sem leikmaður er lánaður frá þegar félagaskiptabeiðni er stofnuð. Gildistími leikmannssamning skal ná yfir lokadagsetningu tímabundinna félagaskipta.
- 3.3.2. Nýja félagið skal hafa sannanlega aflað samþykkis hjá leikmanni, og eftir atvikum forráðamanni, fyrir því að ganga tímabundið í hið nýja félag og samþykkis frá félagi sem leikmaður er lánaður frá. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns, skulu gera um það skriflegan samning þar sem fram koma kvaðir félaganna, hlutur leikmanns og lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal snúa til samningsfélags síns. Skriflegur samningur um tímabundin félagaskipti skal undirritaður af báðum félögum, leikmanni og forráðamanni ef við á. Afriti samnings skal hlaðið upp í rafræna félagaskiptakerfið.

4. grein - Notendur

- 4.1. Allir notendur sem hafa aðgang að og notast við rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ ber að rækja störf sín í kerfinu af kostgæfni, samvirkusemi, trúmennsku og heiðarleika. Notendur skulu virða lög- og reglugerðir KSÍ og skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum í félagaskiptakerfinu og ber að fara með sem trúnaðarmál.
- 4.2. Notendur skulu, sérstaklega á meðan félagaskiptatímabilum stendur, gæta þess að skrá sig inn í rafræna félagaskiptakerfið reglulega svo fylgst sé með reglubundnum hætti með virkum félagaskiptabeiðnum.
- 4.3. Skyldur félaga:
 - 4.3.1. Félög, f.h. notenda þeirra, eru ábyrg fyrir því að slá inn og staðfesta réttar upplýsingar um félagaskipti leikmanna, og eftir atvikum upplýsingar um samninga þeirra. Það felur jafnframt í sér að hlaðið sé upp réttum gögnum í tengslum við félagaskiptabeiðni ef við á, t.d. samningum og sannalegu umboði eða samþykki frá leikmanni fyrir félagaskiptum.
 - 4.3.2. Félög, f.h. notenda þeirra, skulu vera ábyrg fyrir því að notendur búi yfir nægilegri þekkingu til uppfylla skyldur sínar og félagsins við notkun á rafrænu félagaskiptakerfi KSÍ.
 - 4.3.3. Skráningargjald vegna félagaskipta er skuldfært á það félag sem stofnar félagaskiptabeiðni. Félag skal eigi síðar en í árslok hafa gert upp skuldir ársins vegna skráningargjalda félagaskipta.
- 4.4. Skyldur KSÍ:
 - 4.4.1. Skrifstofa KSÍ ber ábyrgð á því að félagaskipti séu einungis afgreidd innan skilgreindra félagaskiptatímabila. Skrifstofa KSÍ skal gæta þess að notendur KSÍ í rafræna félagaskiptakerfinu búi yfir nægilegri þekkingu til notkunar á kerfinu.
 - 4.4.2. Skrifstofa KSÍ ber ábyrgð á endanlegri afgreiðslu félagaskipta og skal gæta þess að verulegar tafir verði ekki á afgreiðslu þeirra.

5. grein - Viðurlög

- 5.1. Verði félag eða notandi á vegum félags uppvís að því að brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og/eða ákvæðum í viðauka þessum er aga- og úrskurðarnefnd KSÍ heimilt að beita viðkomandi félagi viðurlögum, skv. 40. grein laga KSÍ og/eða öðrum viðurlögum er lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi félags áður en ákvörðun er tekin um beitingu viðurlaga.
- 5.2. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað málum til aga- og úrskurðarnefndar vegna meintra brota á reglugerð þessari og/eða reglum í viðauka þessum. Framkvæmdastjóri KSÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings.

VIÐAUKI II - Stuðlakerfi

Stuðlakerfi - Kerfi til að meta verðmæti leikmanna fyrir Leyfiskerfi KSÍ. Stuðlakerfi kemur fram í viðauka við reglugerð þessa. Stuðull skal margfaldaður með kr. 100.000,- og þannig fundið út bókfært verðmæti leikmanns.

Stuðullinn er 10 fyrir leikmann sem er

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 15 A-landsleiki.*

*22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða
a.m.k. 10 A-landsleiki alls.*

Stuðullinn er 7 fyrir leikmann sem nær ekki 10 en er

*30 ára og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.*

*25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 8 A-landsleiki.*

*22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða
a.m.k. 4 A-landsleiki;
eða
hefur leikið a.m.k. helming af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár.*

Stuðullinn er 5 fyrir leikmann sem nær ekki 7 en er

*31 árs og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*30 ára og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.*

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og a.m.k. 75 leiki í 0. deild;*

eða
a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 75 leiki í 0. deild.

25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 3 af A-landsleikjum Íslands;
eða
a.m.k. 5 af U21-landsleikjum Íslands og a.m.k. 40 leiki í 0. deild.

22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða
2 af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár og a.m.k. 25 leiki í 0. deild.

Stuðullinn er 3 fyrir leikmann sem nær ekki 5 en er

32 ára og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.

31 árs og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.

30 ára og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og 100 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 4 A-landsleiki og a.m.k. 100 leiki í 0. deild.

29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 100 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 50 leiki í 0. deild, og 75 leiki í 0. deild eða 1.deild.

25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 50 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 25 leiki í 0. deild og 50 leiki í 0. deild eða 1. deild.

22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 1 af A-landsleikjum eða U21-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 25 leiki í 0. deild, og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;
eða
a.m.k. 50 leiki í 0. deild. eða 1. deild og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.

19 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 15 leiki í 0. deild eða samtals 30 leiki í 0. deild. eða 1. deild
eða
a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.

Stuðullinn er 1 fyrir leikmann sem nær ekki 3.

Með leikjum í 0. deild teljast leikir í 1. deild fyrir 1995, leikir í aðalkeppni bikarkeppninnar og leikir í Evrópukeppnum félagssliða. Með leikjum í 1. deild teljast allir leikir í 2. deild fyrir 1997. Aldur leikmanna miðast við næstkomandi áramót.

Stuðullinn er 1 fyrir allar konur.